

## **Jafnréttisstefna Hraunvallaskóla**

Í Hraunvallaskóla starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda. Til að tryggja að komið verði til móts við ólíkar þarfir þessa stóra hóps og að allir njóti sanngirni og réttlætis lítur nú dagsins ljós jafnréttisáætlun Hraunvallaskóla. Við gerð áætlunarinnar var leitað til starfsfólks skólans, bæði leik- og grunnskóla, með hugmyndir og hafa þær margar hverjar ratað á þessar síður. Hér aftar verður gerð grein fyrir lögum og reglugerðum er áætlun þessi byggir á. Þá verður kynnt til sögunnar yfirlýsing sem starfsfólk skólans hefur samþykkt og unnið verður eftir héðan í frá. Því næst verða jafnréttisáætlunum fyrir starfsfólk og nemendur gerð skil. Gerð verður grein fyrir langtímamarkmiðum og bent á leiðir sem taldar eru vænlegar til árangurs. Að lokum verður fjallað um stöðu jafnréttismála á yfirstandandi skólaári og skammtímamarkmið sett fram.

### **Lög, reglugerðir og yfirlýsingar um jafnréttismál**

Í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar er kveðið á um jafnan rétt allra fyrir lögum og að allir skuli njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna kveður við sama tón en þar segir m.a.

*„Hver maður er borinn frjálss og jafn öðrum að virðingu og réttindum.... Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálssræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna”.*

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna segir: „Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði”. Í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar er kveðið á um að tryggja eigi öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa og að þarfir ólíkra hópa séu viðurkenndar. Í jafnréttisáætlun fræðslusviðs Hafnarfjarðar er meginmarkmiðið að innleiða virðingu fyrir jafnri stöðu allra óháð eigin getu, kyni, þjóðerni, trú eða öðrum ytri einkennum eins og klæðaburði, útliti, fötlun eða öðrum þáttum sem kalla fram fordóma fólks.

Í lögum um leikskóla, 2. grein segir: „Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar“.

Í lögum um grunnskóla, 29. grein segir: „Í starfi skólans skal leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.”

## **Hraunvallaskóli**

Í Aðalnámskrá leikskóla segir m.a. „Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð“. Einnig segir: „Leikskóla ber að vera vettvangur þar sem allir: [ ] Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni“.

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir m.a. „Kennsluaðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.“ Þar stendur einnig; „Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu.“

Í þingsályktun frá árinu 2004 kemur fram að leggja eigi áherslu á að vinna gegn stöðluðum kynímyndum og efla náms- og starfsfræðslu og vinna þannig gegn hefðbundnum hugmyndum um karla- og kvennastörf.

Svona mætti lengi telja því ekki skortir lög, reglugerðir og yfirlýsingar í þessum málaflokki. Hlutverk jafnréttisáætlunar Hraunvallaskóla er að koma ofangreindu í farveg og sjá til þess að verkin verði látin tala.

## **Yfirlýsing / leiðarljós**

Í öllu starfi Hraunvallaskóla skal tekið mið af jöfnum rétti allra án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, litarháttar, uppruna, aldurs, starfsstéttar, fötlunar eða annarra þátta. Allir eiga að geta látið ljós sitt skína út frá eigin forsendum og jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í starfi eiga að bjóðast öllum. Áætlunin tók gildi haustið 2008.